

REGLUGERÐ um fiskveiðilandhelgi Íslands.

1. gr.

Fiskveiðilandhelgi Íslands skal afmörkuð 200 sjómílum utan við grunnlinu, sem dregin er milli eftirtalinna staða:

1. Horn	66°27'4	n.br.,	22°24'3	v.lg.
2. Ásbúðarrif	66°08'1	—	20°11'0	—
3. Siglunes	66°11'9	—	18°49'9	—
4. Flatey	66°10'3	—	17°50'3	—
5. Lágey	66°17'8	—	17°06'8	—
6. Rauðinúpur	66°30'7	—	16°32'4	—
7. Rifstangi	66°32'3	—	16°11'8	—
8. Hraunhafnartangi	66°32'2	—	16°01'5	—
9. Langanes	66°22'7	—	14°31'9	—
10. Glettinganes	65°30'5	—	13°36'3	—
11. Norðfjarðarhorn	65°10'0	—	13°30'8	—
12. Gerpir	65°04'7	—	13°29'6	—
13. Hólmur	64°58'9	—	13°30'6	—
14. Setusker	64°57'7	—	13°31'5	—
15. Þursasker	64°54'1	—	13°36'8	—
16. Ystiboði	64°35'2	—	14°01'5	—
17. Selsker	64°32'8	—	14°07'0	—
18. Hvítningar	64°23'9	—	14°28'0	—
19. Stokksnes	64°14'1	—	14°58'4	—
20. Hrollaugseyjar	64°01'7	—	15°58'7	—
21. Tvísker	63°55'7	—	16°11'3	—
22. Ingólfshöfði	63°47'8	—	16°38'5	—
23. Hvalsíki	63°44'1	—	17°33'5	—
24. Meðallandssandur I	63°32'4	—	17°55'6	—
25. Meðallandssandur II	63°30'6	—	17°59'9	—
26. Mýrnatangi	63°27'4	—	18°11'8	—
27. Kötlutangi	63°23'4	—	18°42'8	—
28. Lundadrangur	63°23'5	—	19°07'5	—
29. Surtsey	63°17'6	—	20°36'3	—
30. Eldeyjarangur	63°43'8	—	22°59'4	—
31. Geirfugladrangur	63°40'7	—	23°17'1	—
32. Skálasnagi	64°51'3	—	24°02'5	—
33. Bjargtangar	65°30'2	—	24°32'1	—
34. Kópanes	65°48'4	—	24°06'0	—
35. Barði	66°03'7	—	23°47'4	—
36. Straumnes	66°25'7	—	23°08'4	—
37. Kögur	66°28'3	—	22°55'5	—
38. Horn	66°27'9	—	22°28'2	—

Auk þess skulu dregnar markalínur í kringum eftirfarandi staði 200 sjómílu frá þeim:

39. Kolbeinsey 67°08'8 n.br., 18°40'6 v.lg.
 40. Hvalbakur 64°35'8 — 13°16'6 —
 41. Grimsey frá ystu annesjum og skerjum hennar.

Hver sjómíla reiknast 1852 metrar.

Þar sem skemmra er en 400 sjómílu milli grunnlína Færeyja og Grænlands annars vegar og Íslands hins vegar, skal fiskveiðilandhelgi Íslands afmarkast af miðlínu. Þá skal reglugerð þessari ekki framfylgt að svo stöddu eða þar til annað verður ákveðið, utan miðlínu milli grunnlína Jan Mayen annars vegar og Íslands hins vegar.

2. gr.

Í fiskveiðilandhelgiinni skulu erlendum skipum bannaðar allar veiðar samkvæmt ákvæðum laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

3. gr.

Íslenskum skipum, sem veiða með botnvörpu, flotvörpu eða dragnót eru bannaðar veiðar innan fiskveiðilandhelginnar á eftirgreindum svæðum og tíma:

1. Fyrir Norðausturlandi á tímabilinu 1. apríl til 1. júní á svæði, er takmarkast að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi í norður frá Rifstanga (grunnlínupunktur 7) og að austan af línu, sem dregin er réttvísandi í norðaustur af Langanesi (grunnlínupunktur 9) og að norðan (utan) af línu, sem dregin er 50 sjómílu utan við grunnlínu.

2. Allt árið innan markalínu, sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá Kolbeinsey (67°08'8 n.br., 18°40'6 v.lg.).

Þá eru íslenskum skipum bannaðar allar veiðar á eftirgreindum svæðum og tíma:


1. Fyrir Suðurlandi á tímabilinu 20. mars til 1. maí á svæði, sem afmarkast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra staða:

- a) 63°32'0 n.br., 21°25'0 v.lg.
 b) 63°00'0 — 21°25'0 —
 c) 63°00'0 — 22°00'0 —
 d) 63°32'0 — 22°00'0 —

2. Fyrir Vestfjörðum á svæði, sem takmarkast að vestan af línu réttvísandi 340° frá punkti 66°57' n.br. og 23°36' v.lg. og að austan af línu réttvísandi 0° frá punkti 67°01' n.br. og 22°24' v.lg. Að sunnan er dregin lína milli hinna greindu punkta og að norðan takmarkast svæðið af línu, sem dregin er 50 sjómílu utan við grunnlínu.

Sjávarútvegsráðuneytið mun ákvarða allar þær reglur, sem nauðsynlegar eru til verndar fiskimiðunum í fiskveiðilandhelgi Íslands. Ráðstafanir verða gerðar að fengnum tillögum Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands.

Nú á sér stað á tilteknu veiðisvæði seiða- og smáfiskadráp í þeim mæli, að varhugavert eða hættulegt getur talist, og mun þá sjávarútvegsráðuneytið, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar, gera nauðsynlegar ráðstafanir til að sporna við því. Mun ráðuneytið með tilkynningu loka afmörkuðum veiðisvæðum um lengri eða skemmri tíma fyrir öllum togveiðum, svo og öðrum veiðum, ef nauðsynlegt þykir. Jafnan skal umsögn Hafrannsóknastofnunarinnar liggja fyrir, áður en slíkar tímabundnar veiðitakmarkanir eru úr gildi numdar.



Að öðru leyti skar íslenskum skipum, sem veiða með botnvörpu, flotvörpu eða dragnót, heimilt að veiða innan fiskveiðilandhelginnar, samkvæmt ákvæðum laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, eða sérstökum ákvæðum, sem sett verða fyrir gildistöku reglugerðar þessarar.

4. gr.

Botnvörpuskip skulu hafa öll veiðarfæri í búlka innanborðs, þannig að tog- hlerar séu í festingum og botnvörpur bundnar upp, þegar þau eru stödd á svæðum, sem þeim er óheimilt að veiða á.

5. gr.

Aflaskýrslur skulu sendar Fiskifélagi Íslands á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum nr. 55 27. júní 1941, um afla- og útgerðarskýrslur.

Nú telur sjávarútvegsráðuneytið, að um ofveiði verði að ræða, og getur það þá takmarkað fjölda veiðiskipa og hámarksafla hvers einstaks skips.

6. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni, laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, með síðari breytingum, eða ef um er að ræða brot, sem ekki fellur undir framan- greind lög, sektum frá kr. 10 000.00 til kr. 1 000 000.00.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um visindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, sbr. lög nr. 45 13. maí 1974, og fellur með gildis- löku hennar úr gildi reglugerð nr. 189 14. júlí 1972, um fiskveiðilandhelgi Íslands og reglugerð nr. 362 4. desember 1973, um breyting á þeirri reglugerð.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 15. október 1975.

Sjávarútvegsráðuneytið, 15. júlí 1975.

Matthías Bjarnason.

Jón L. Arnalds.

AUGLÝSING

um takmörkun botnvörpu- og flotvörpuveiða við suðurströnd Íslands.

1. gr.

Ákvæði D. liðar 6 2. gr. laga nr. 102 27. desember 1973, um veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelginni skulu ekki gilda fram til 10. ágúst 1975.

Samkvæmt þessu eru allar botnvörpu- og flotvörpuveiðar bannaðar til 10. ágúst 1975 innan þja sjómílna frá suðurströnd meginlandsins á svæði, sem takmarkast að austan af lengdarbaug 21° 57' v.lgd og að vestan af lengdarbaug 22° 32' v.lgd.